

Aðalfundur í Fjarskiptum hf.

16. mars 2017

Fimmtudaginn 16. mars 2017 kl. 16.00 síðdegis er haldinn aðalfundur hjá Fjarskiptum hf. að Suðurlandsbraut 2, Hilton Reykjavík Nordica hótél.

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður, setti fundinn og kynnti tillögu tilnefningarnefndar um Ragnheiði Þorkelsdóttur hdl. sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri gerði tillögu um Snorra Stefánsson hdl. sem fundarritara. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lýsti yfir að boðað hefði verið til aðalfundar félagsins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Fundurinn hafi verið auglýstur í dagblöðum, fyrst fyrir þremur vikum síðan. Hlutaskrá félagsins liggur fyrir fundinum og samkvæmt henni er mætt fyrir 24 hluthafa af 196 sem hafa að baki sér 64,98% hlutafjár. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmæti hans að öðru leyti. Fundurinn skoðast því lögmætur.

Að því búnu var gengið til dagskrár:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar. Gerði hann grein fyrir starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

Gat Heiðar þess að hluthafafundir væru mikilvægur vettvangur fyrir hluthafana. Ræddi hann einnig um starfsemi tilnefningarnefndar og taldi reynsluna af henni góða.

Heiðar greindi frá því að ýmis óvænt atvik hefðu orðið á árinu 2016. Hefðu þau verið heldur neikvæð fyrir félagið andstætt því sem varð árið 2015. Benti Heiðar á að ekki væri hægt að gera ráð fyrir öllu og að það væri mikilvægt fyrir fyrirtæki að hugsa til lengra tíma en eins árs í senn.

Tók Heiðar fram að starfsfólk skiptir Vodafone miklu máli. Væri starfskjarastefna í gildi sem lagt væri til að yrði samþykkt óbreytt.

Keypt voru eigin bréf fyrir 400 milljónir og var hlutafé fært niður um 2,5 milljarða. Er jákvætt að skila með þessum hætti fjármunum til hluthafa. Væri þess gætt að ekki væri skilað meiru en svo að félagið væri áfram vel fjármagnað.

Heiðar lagði áherslu á þann mannauð sem væri til innan félagsins. Skapaði það meðal annars tækifæri til breytinga og vaxtar. Var hann því bjartsýnn á það þegar félagið haslaði sér völl á nýjum markaði.

Eigin bréf hafa verið keypt á til þess að gera hagstæðu gengi miðað við það sem verið hefur. Arðgreiðslustefna gerir ráð fyrir að hluta hagnaðar sé skilað til hluthafa. Nú er lagt til að auka hlutafé til þess að greiða fyrir rekstur sem verður keyptur af 365. Vill Heiðar því halda arðgreiðslustefnunni óbreyttri ef eitthvað verður til þess að kaupin gangi ekki eftir.

Rekstur 365 er fjármagnsléttari en rekstur Vodafone. Sé EBITDA hlutfallið því hærra hjá 365 en Vodafone.

Heiðar kvað samstarf innan stjórnar Fjarskipta hafa verið til fyrirmyndar að hans mati og þakkaði hann stjórnarmönnum kærlega fyrir samstarfið á liðnu ári. Telur hann tillögu tilnefningarnefndar um breytingu á stjórn vera til góðs og þakkaði hann fráfarandi stjórnarmanni og fráfarandi varastjórnarmanni ásamt því sem hann bauð nýjan velkominn.

Að mati stjórnarformanns væri framtíð félagsins björt. Tækifærin væru til staðar til útvíkkunar í starfsemi og til betri árangurs. Óskaði Heiðar jafnframt starfsmönnum og félaginu til hamingju með nýtt húsnæði að Suðurlandsbraut.

Að lokum þakkaði hann aftur fyrir gott samstarf og það traust sem honum hefur verið sýnt.

Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir og bauð Stefán Sigurðsson, forstjóra félagsins, velkominn í pontu til að fara yfir ársreikning og rekstur félagsins á síðasta ári.

Stefán fór fyrst yfir lykilstærðir í rekstri félagsins. Vék hann því næst að undirliggjandi liðum og starfspáttum og breytingu í þeim á milli ára. Kom fram í máli Stefáns að arðsemi væri góð og að reksturinn skilaði töluverðu fé. Skuldir hefðu þó vaxið tímabundið en væru á niðurleið aftur.

Stefán sagði félagið ekki hafa viljað missa markaðshlutdeild en á árinu 2016 lækkaði verð á farsímabjónustu bæði á Íslandi og í Færeyjum. Viðbrögðin við verðlækkunum voru meðal annars breytingar í vöruframboði. Með fjölda viðskiptavina má ná tekjum til frambúðar þó að samdráttur hafi verið á árinu 2016.

Breytingar voru gerðar í Færeyjum m.a. með ráðningu Rúnar Reistrup sem framkvæmdastjóra en erfitt væri að eiga við miklar verðlækkanir sem ríkisfjarskiptafélagið stóð að. Við þeim varð að bregðast.

Laun hækkðu á árinu 2016 vegna kjarasamningsbundinna hækkana. Var stefnt að því að láta það ekki skila sér í verðum. Hefur launakostnaður félagsins breyst óverulega þrátt fyrir kjarasamningsbundnar hækkanir.

Sagði Stefán Sendafélagið koma inn í uppgjörið sem hefði áhrif á ýmsa liði. Væru áhrifin jákvæð fyrir félagið þó að þau væru ekki að fullu komin fram.

Félagið mun flytja í nýjar höfuðstöðvar fyrir sumarið að Suðurlandsbraut 8. Er áætlað að fjárfesta um leið í hagkvæmari húsbúnaði og nýta betur aðstöðu. Er áætlaður sparnaður vegna þessa um 50 milljónir króna á ári með nýjum leigusamning.

Þróun á fyrirtækjamarkaði er mikilvæg fyrir félagið. Mjög mikið af stærri fyrirtækjum eru í viðskiptum við Vodafone. Auk þess eru seldar ýmis konar ytri lausnir gagnvart fyrirtækjum. Einnig hefur Vodafone stutt við ýmsa frumkvöðlastarfsemi. Væri þetta meðal annars hluti af samfélagsábyrgð félagsins. Hefði Vodafone unnið með Landsbjörgu að uppbyggingu fjarskiptakerfis í sama tilgangi. Hefði það einnig áhrif til þess að bæta þjónustu við viðskiptavini.

Stefán áætlar að framtíðin sé björt og að rekstrarafkoma muni batna verði ekki stærri áföll. Neikvæð ytri áhrif á árinu 2016 hafi kannski gert menn varkára en ástæða sé til bjartsýni.

Þá ræddi Stefán um hlutanetið (e. Internet of Things) og möguleika þessarar ætluðu byltingar í fjarskiptum. Væri búist við að nettengingum myndi fjölga gríðarlega innan fárra ára og breyta lífi einstaklinga og rekstri fyrirtækja. Tók Stefán dæmi af möguleikum tækninnar. Á heimsvísu væri Vodafone leiðandi í lausnum á þessu sviði. Væri Vodafone því vel í stakk búíð til þess að hagnýta sér þessar breytingar.

Stefán fór yfir það hversu mikið farsímakerfið hefði batnað. Þéttinn væri mun betri og væri 4G kerfi Vodafone langstært. Skilaði það sér í aukinni gagnanotkun notenda. Símar væru orðnir að tölvum og sjónvörpum. Væri gagnamagn þannig mjög mikilvægt. Helsta gagnamagnið er myndefni og þess vegna er stutt á milli fjölmiðla og fjarskiptafyrirtækja.

Vék Stefán að ferlinu við kaupin á 365 sem hefði verið langt og strangt. Að mati Stefáns var kaupsamningurinn góður. Enn væru fyrirvarar, t.a.m. varðandi samþykkt Samkeppniseftirlitsins og

varðandi ástand hins selda. Samruninn myndi skapa tækifæri til vöruþróunar. Skapaði skorturinn á dreifikerfum vandkvæði fyrir fjölmiðlafyrirtæki. Auk þess fælist í samrunanum aukinn slagkraftur vegna stærðarinnar.

Fór Stefán nánar yfir helstu stærðir í kaupsamningnum og hvernig hann væri uppbyggður m.a. hvað varðar verð og greiðslur. Væri m.a. áætlað að EBITDA sameinaðs félags væri um 5 milljarðar. Fór Stefán þá yfir það hvað fylgdi með í kaupunum og helstu atriði sem varða þær eignir.

Taldi hann kaupin fela í sér veruleg tækifæri til framtíðar, tækifæri til vöruþróunar og bættrar nýtingar á innviðum. Hefði þessi þróun átt sér stað víða erlendis með sambærilegum samrunum.

Ráðgert væri að eiginfjárhlutfall yrði svipað en starfsemi 365 væri almennt ekki jafn fjárfrek og fjarskiptareksturinn. Áfram yrðu líklega tekjur mestar af farsíma en með kaupunum dreifist áhættan þar sem nýir tekjuliðir bætast við. Markaðurinn virtist taka ágætlega í kaupin en bréf félagsins hefðu hækkað nokkuð á markaði frá síðasta aðalfundi.

Þegar Stefán hafði lokið máli sínu opnaði fundarstjóri mælendaskrá um skýrslu stjórnar og forstjóra. Enginn kaus að taka til máls.

2-3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2016 og staðfesting ársreiknings félagsins

Fundarstjóri kynnti svohljóðandi tillögu stjórnar fyrir fundarmönnum:

„Stjórn leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2016, en vísar að öðru leyti til ársreiknings hvað varðar ráðstöfun á hagnaði ársins og breytingu á eigin fé.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu stjórnar. Enginn kaus að taka til máls. Þar sem tillaga annars dagskrárliðar og staðfesting ársreiknings í þriðja dagskrárlið eru náskyldar ákvað fundarstjóri að bera tillögurnar sameiginlega undir atkvæði fundarmanna. Tillagan var samþykkt samhljóða og ársreikningur félagsins vegna ársins 2016 staðfestur.

4. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar um arðgreiðslustefnu og/eða endurkaup eigin hluta sem var efnislega samhljóða tillögu sem samþykkt var á síðasta aðalfundi:

„Fjarskipti hf. stefna að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.“

Við mótun tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til:

- *markmiða fjárstýringarstefnu félagsins*
- *markaðsaðstæðna*
- *fjárfestingarþarfar félagsins.“*

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá en enginn kvað sér hljóðs. Tillagan var þá borin undir atkvæði fundarmanna og hún samþykkt samhljóða.

5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að aðalfundur samþykki óbreytta starfskjarastefnu frá síðasta aðalfundi.

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn kaus að taka til máls. Tillagan borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2017

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna:

„Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

- a) Stjórnarformaður fái kr. 545.000 á mánuði.*
- b) Aðrir stjórnarmenn fái kr. 273.000 á mánuði.*
- c) Varastjórnarmenn og kosnir meðlimir tilnefningarnefndar fái kr. 110.000 fyrir hvern setinn fund.*
- d) Formenn undirnefnda fái kr. 110.000 á mánuði.*
- e) Aðrir nefndarmenn undirnefnda fái kr. 55.000 á mánuði.*

Greiðslur til endurskoðenda skulu vera samkvæmt reikningi.“

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn óskaði eftir að taka til máls. Tillagan var þá borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

7. Kosning stjórnar félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að sjálfkjörið væri í stjórn félagsins og óskaði hann stjórnarmönnum til hamingju með kjör í stjórn félagsins. Fráfarandi stjórnarmanni og vararstjórnarmanni voru þökkudín störf í þágu félagsins.

Stjórn félagsins skipa því Anna Guðný Aradóttir, Heiðar Guðjónsson, Hildur Dungal, Hjörleifur Pálsson og Yngvi Halldórsson. Varamenn eru Baldur Már Helgason og Tanya Zharov.

8. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að sjálfkjörið væri í tilnefningarnefnd félagsins. Auglýst var eftir framboðum og bárust tvö framboð frá þeim Ásdísi Jónsdóttur og Ragnheiði S. Dagsdóttur.

9. Kosning endurskoðanda félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn félagsins legði til við aðalfund að hann staðfesti og endurnýi ákvörðun þess efnis að Deloitte ehf. verði endurskoðunarfélag Fjarskipta hf.

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn kaus að taka til máls. Tillagan var borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins:

Fundarstjóri gerði grein fyrir að fyrir fundinum lægju tvær tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

- a) Tillaga um heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins, sem breytir 4.gr. Samþykktanna.**
„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins með útgáfu allt að 32.380.952 nýrra hluta á genginu 52,5 kr. fyrir hvern hlut og skulu allir hinir nýju hlutir notaðir sem greiðsla á hluta kaupverðs til 365 miðla hf. vegna kaupa félagsins á eignum og réttindum sem tengjast rekstri 365 miðla hf. á sviði fjölmiðla, ljósvaka og fjarskipta á Íslandi, allt samkvæmt nánari ákvæðum og skilyrðum fyrirliggjandi kaupsamnings félagsins og 365. miðla hf. þar að lútandi. Sá hluti kaupverðsins, sem inntur verður af hendi til 365 miðla hf. með hinum nýju hlutum, skal

samkvæmt framangreindu nema $32.380.952 \times 52,5 \text{ kr.} = 1.700.000.000,- \text{ kr.}$ (krónureinnmilljarðurogsjöhundruðmilljónir).

Verði framangreind heimild nýtt að fullu mun útgefið hlutafé félagsins hækka um 323.809.520 kr. (þ.e. 32.380.952 hluti \times 10 kr./hlut, þar sem hver hlutur í félaginu er að fjárhæð kr. 10,- að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar samkvæmt 4. gr. samþykktanna), þ.e. úr 2.725.180.980 kr. í 3.048.990.500 kr.

Stjórn félagsins er heimilt að nýta eigin hluti sem gagnjald í viðskiptunum og mun þá hlutafjárhækkunin á grundvelli heimildar þessarar verða lægri sem nemur fjölda þeirra eigin hluta sem nýttir verða í viðskiptunum.

Þegar til afhendingar hinna nýju hluta kemur skulu hlutirnir afhentir 365 miðlum hf. inn á VS-reikning þess félags, allt í samræmi við nánari ákvæði og skilyrði kaupsamnings félagsins og 365. miðla hf. þar að lútandi.

Hluthafar félagsins skulu ekki njóta neins forgangsréttar að hinum nýju hlutum sem gefnir verða út samkvæmt ákvörðun stjórnar á grundvelli heimildar þessarar.

Hinir nýju hlutir skulu njóta sömu réttinda og aðrir hlutir í félaginu.

Stjórn félagsins skal gera viðeigandi breytingar á samþykktum og hlutaskrá félagsins til samræmis við framangreint og annast viðeigandi tilkynningar til kauphallar og Fyrirtækjaskrár þar að lútandi.

Framangreind heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár skal gilda fram að næsta aðalfundi félagsins.“

b) Tillaga um lækkun hlutafjár, með greiðslu til hluthafa, sem breytir einnig 4. gr. samþykktanna

„Félaginu er heimilt, í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, að kaupa allt að 10% af eigin hlutum í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar.“

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að ef fyrri tillagan um heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar yrði samþykkt yrði hún hluti af 4. gr. samþykkt félagsins og að ef síðari tillagan yrði samþykkt yrði hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktir félagsins, sbr. 30. gr. samþykktanna. Fundarstjóri áréttaði jafnframt að með samþykkt fyrri tillögunnar væru hluthafar að falla frá forgangsrétti sínum að hlutafjárhækkuninni. Fundarstjóri gaf þá orðið laust en enginn kaus að tjá sig. Tillögunnar voru bornar undir atkvæði fundarmanna og samþykktar samhljóða með þeim aukna meirihluta sem tilskilinn er.

11. Önnur mál löglega upp borin

Fundarstjóri upplýsti að engin önnur mál væru á dagskrá fundarins og engar löglegar tillögur verið bornar upp. Gaf hann því næst orðið laust.

Enginn óskaði eftir að taka til máls undir dagskrárliðnum önnur mál og var dagskrá fundarins því tæmd.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og gerði að tillögu sinni að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Heiðar þakkaði fundarmönnum að lokum fyrir góðan fund og bað fundarmenn um að klappa fyrir starfsfólki Vodafone sem hafi staðið sig frábærlega.

Fleira gerðist ekki. Var fundi slitið kl. 16.53.

Framangreint staðfestist hér með.



Ragnheiður Þorkelsdóttir hdl., fundarstjóri



Snorri Stefánsson hdl., fundarritari